

12  
22. jan.

## AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (IV) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952 og auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1955.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

13  
1. febr.

## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

### I. KAFLI

**Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.**

#### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

#### 2. gr.

Búnaðarfélagið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu að þeim undanskildum, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluáðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 2. lið.